



Skóla- og frístundaráð

Reykjavík, 3. febrúar 2025
MSS25010164
EBH

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarstjórnar frá 28.1.2025 varðandi eftirfarandi mál:

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða um að húsnæði félagsmiðstöðva samræmist viðmiðum og stefnum Reykjavíkurborgar

Lögð fram svohljóðandi tillaga Ísgerðar Esju Nóadóttur fulltrúa í ungmennaráði Vesturbæjar, Miðbæjar og Hlíða:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundaráði að beita sér fyrir því að allar félagsmiðstöðvar hafi til umráða húsnæði og búnað til að halda úti faglegu félagsmiðstöðvastarfi í samræmi við viðmið og stefnur Reykjavíkurborgar eigi síðar en haustið 2028.

Greinargerð:

Ungmennaráð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða leggur til að hver félagsmiðstöð hafi húsnæði til að taka á móti allavega helmingi nemenda á unglिंगastigi og miðstigi skólans á sama tíma. Við leggjum þetta til því húsnæði sumra félagsmiðstöðva er komið að þolmörkum og margir unglिंगar velja að mæta ekki á opnanir vegna þrengsla og of mikils áreitiss og hávaða. Það þarf að tryggja það að félagsmiðstöðvar hafi í það minnsta tvö til þrjú góð rými til umráða sem uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í faglegu starfi félagsmiðstöðva og grunnbúnað til að gæta jafnræðis þvert á hverfi borgarinnar.

Vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs.

Það tilkynnist hér með.

Athygli er vakin á því að tillagan var ekki samþykkt á fundinum og fara skal með hana á sama hátt og önnur mál sem koma til meðferðar af fundi borgarstjórnar. Í því felst að hana ber að leggja fram, taka hana til meðferðar og afgreiða eins skjótt og unnt er. Boða skal fulltrúa úr Reykjavíkurráðinu á fund ráðsins til að kynna efni tillögunnar.

Lögð er áhersla á það að tillagan fái formlega afgreiðslu á vettvangi ráðsins.

Óskað er eftir því að forsætisnefnd verði upplýst reglulega um framvindu málsins og um endanlega afgreiðslu tillögunnar. Afrit af þeim bréfum ber að senda á tengilið Reykjavíkurráðs ungmenna, Huldu Valdísi Valdimarsdóttur, verkefnastjóra á skóla- og frístundasviði. Stöðufundur með fulltrúum Reykjavíkurráðsins verður haldinn á haustmánuðum. Þar verður farið yfir afgreiðslur tillagna af sameiginlegum fundi borgarstjórnar með Reykjavíkurráðinu. Er mælt til þess að tillagan verði afgreidd af skóla- og frístundaráði fyrir þann tíma.

Helga Björk Laxdal
e.u.